

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 387/1993, fyrir Styrktarsjóð Svavars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Forstöðumaður Listasafns Íslands skipar þrjá menn og tvo varamenn og skal einn aðalmanna vera úr starfslíði safnsins. Skulu þeir skipaðir til fjögurra ára í senn.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Svavars Guðnasonar og Ástu Eiríksdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 11. október 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.